

**Starfsskýrsla bókasafns Borgarholtsskóla**  
**Skólaárið 2012-2013**

**Starfsfólk:** Bára Stefánsdóttir safnstjóri í hálfu starfi, Ása Þorkeldsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur í fullu starfi, Kolbrún Sigurhansdóttir bókasafnsfræðinemi í tímavinnu.

**Notendur:** 1426 nemendur hófu nám við skólann á haustönn og 1316 nemendur á vorönn. Starfsmenn í maí voru 122, þar af 89 kennarar (þá eru ekki meðtaldir þeir sem eru í leyfi).

**Húsnæði:** Safnrými, lesstofa, skrifstofa og geymsla eru um 383 m<sup>2</sup>. 72 sæti eru fyrir safngesti.

**Opnunartími:** Mánud. - fimmtud. kl. 8-16:00, föstud. kl. 8-15. Opið var í 39 klst. á viku.

**Aðföng:** Áskrift er að 39 tímaritum, fréttabréfum og ársritum.

Skráð aðföng veturinn 2010-2011	Aðföng	Fyrri skólaár	Eign í maí
bækur	216	(316)	8304
kort	1	(0)	53
spil	2	(1)	22
geislaplötur (CD)	14	(10)	249
snældur		(0)	31
myndbönd		(0)	202
mynddiskar (DVD)	73	(36)	625
margmiðlunardiskar (CD-ROM)		(0)	1
<b>Eintök alls:</b>	<b>306</b>	<b>(363)</b>	<b>9487</b>

Uppruni gagna	
keypt	239
aðsent/ókeypt	21
gjafir	46

Afskriftir	
glatað/vanskil	21
úrelt/ónýtt	40

Fjöldi titla eftir greinum		
001-099	Tölvufræði, bókaskrár, bókasafnsfræði, alfræðirit	5
100-299	Heimspeki, sálfræði, siðfræði, trúarbrögð	9
300-399	Félagsfræði, stjórnsmál, hagfræði, menntamál, þjóðfræði	41
400-499	Tungumál	8
500-599	Raunvísindi	9
600-699	Tækni, framleiðsla, iðnaður, heilbrigðisvísindi, viðskipti	19
700-799	Listir, skemmtanir, tómstundir, íþróttir	32
800-899	Bókmenntir	122
900-999	Sagnfræði, landafræði, ævisögur	34

**Útlán og millisafnalán:** 4508 (5515) eintök voru lánuð frá safninu, bæði heim og í kennslustofur. Millisafnalán voru 11 (19) eða 1 til safnsins og 10 til annarra bókasafna.

**Safnkostur:** Á skólaárinu voru skráð 306 ný eintök í stað 363 árið á undan sem er of lítið fyrir jafn fjölmennan skóla. Eftir mikinn niðurskurð undanfarin ár náðist að hækka fjárveitingu til safnsins en það dugði ekki til að efla innkaup vegna þess að bækur og önnur gögn hafa hækkað í verði. Vonandi fær bókasafnið aukið fjármagn í nánustu framtíð svo innkaup verði ásættanlegri.

Í byrjun ágúst mættum við fyrr til starfa og gerðum hillutalningu sem fól í sér að bera lista yfir öll skráð eintök í Gegni saman við eintök í hillum bókasafnsins. Í framhaldinu afskrifuðum við þau gögn sem fundust ekki og lagfærðum skráningu þar sem með þurfti.

**Notkun safnsins, upplýsingaþjónusta:** Þrátt fyrir að útlánnum hafi fækkað milli ára, meðal annars vegna þess að við kaupum nær engar þýddar skáldsögur, er notkun safnsins sífellt að aukast. Kennarar eru duglegir við að koma með nemendahópa til að vinna verkefni á safninu. Ekki var gerð nein þjónustutalning í vetur vegna manneklu.

**Rekstrarkostnaður:** Rekstraráætlun fyrir árið 2012 hljóðaði upp á 1.980.000 kr. Sem fyrr gerði safnstjóri sitt besta við að halda innkaupum innan þess ramma. Nýrri rekstraráætlun fyrir árið 2013 var skilað í nóvember uppá 2 milljónir.

<b>Rekstrarkostnaður 2012</b>	
bækur, tímarit og kort	932.086
bókasafnskerfi (hýsing og þjónusta)	463.140
gagnasöfn (landsaðgangur og Morgunblaðið)	183.202
fræðslumyndir, kvikmyndir, hljóðbækur og tónlist	156.358
tæki og áhöld	84.133
bókaplast, ritföng og spil	38.689
ráðstefnur og námskeið	30.266
<b>Samtals:</b>	<b>1.887.874</b>

**Bókasafnskerfi – Gegnir:** Útlán og allt nýtt efni nema tímarit er skráð í kerfið. Heilmikil samvinna er við önnur bókasöfn sem nota þetta landskerfi bókasafna og mikil þægindi að geta tengt sín eintök við þær færslur sem fyrir eru í kerfinu. Alltaf þarf þó að frumskrá nokkuð af gögnum. Listi yfir nemendur er færður úr Innu í Gegni á haustönn en eftir það er nýjum lánþegum bætt handvirkt inn. Hægt er að senda rukkanir úr kerfinu með tölvupósti. Auk þess sendum við sms til nemenda, hringjum og förum í kennslustund til þeirra sem ekki bregðast strax við og skila því sem er í vanskilum.

**Gagnasöfn og vefbækur:** Bókasafnið er áskrifandi að vefnum Hvar.is sem býður upp á landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Safnið er ekki lengur áskrifandi að dagblöðum enda er Fréttablaðið aðgengilegt á netinu og hægt er að kaupa greinar úr Morgunblaðinu í lausasölu (greinar sem eru eldri en 3 ára eru opnar). Bókasafnið greiðir nú fyrir áskrift að vefbókasafninu Snara.is sem inniheldur orðabækur og fleiri handbækur. Ekki var fjármagn til að kaupa aðgang að vefnum ordabok.is.

**Leitir.is:** Á vefnum leitir.is býðst aðgengi á einum stað að fjölbreyttum safnkosti bókasafna á Íslandi og efni valinna sérsafna. Kerfið veitir upplýsingar um gögn bókasafna og aðgang að rafrænu efni hvort sem um er að ræða texta eða myndrænt efni. Jafnframt eru rafrænar tímaritsgreinar og gagnasöfn í hvar.is leitarbær í gegnum leitir.is. Upplýsingar um gögn í eigu Bókasafns Borgarholtsskóla eru nú bæði sýnileg á Gegnir.is og Leitir.is.

**Tölvur og búnaður:** 6 nýjar nemendatölvur voru settar upp og til að koma 4 nýjum tölvuborðum fyrir var útstillingarhillum fækkað og tímaritahillur færðar á annan vegg. Á bókasafni eru nú 17 tölvur fyrir nemendur. Einnig eru 2 vélar við inngang sem eru eingöngu ætlaðar til að leita í Gegni. Ása fékk nýja tölvu og skjá en borðtölvun sem hún var með var frá árinu 2005 og kominn tími á endurnýjun.

Um áramótin kom nýr litaprentari á safnið sem leysti vandamál nemenda við útprentun að hluta. Enn er ekki hægt að prenta úr nýju tölvunum og það verður að laga fyrir næstu önn. Keyptir voru 10 skrifborðsstólar við lesbása nemenda í stað þeirra sem voru ónýtir. Lofthreinsitæki (jónatæki) var keypt á safnið vegna þurrs lofts við afgreiðsluborð. Á næstu önn er nauðsynlegt að kaupa nýja ljósritunarvél.

**Safnkennsla:** Á haustönn komu 11 lífsleiknihópar (LKN102, LKN102A, LKN103F) í kynningu á bókasafnið og gerðu leitarverkefni í Gegni. Félagsliðanemar hjá Sigurði í FJF103N fengu sambærilega kennslu. Tveir hópar Þórkötu í dreifnámi fengu kynningu á bókasafni og nemendur Kristveigar í viðbótarnámi félagsliða fengu kennslu í upplýsingaleit.

**Kynningarmál:** Bókasafnið er með upplýsingasíður á vef skólans og hefur Ása umsjón með þeim. Þar er meðal annars hægt að nálgast aðfangalista hvers mánaðar og yfirlit yfir tímarit í áskrift. Einnig sendum við kennurum tölvupóst með upplýsingum um nýtt efni sem tengist þeirra kennslu- og áhugasviði. Nýju efni, bókum og tímaritum, er stillt upp í sýningarhillur. Auk þess er leitast við að vekja athygli nemenda á spennandi bókum og hvetja þá til að lesa sér til ánægju. Að venju var vefur skólans kynntur í móttöku fyrir nýnema á haustönn. Kynningargreinar um bókasafnið voru birtar í fréttabréfi fyrir foreldra nýnema á haust- og vorönn. Skólinn var með opið hús 7. mars kl. 17-19 og margir litu við á bókasafninu.

**Fundir og námskeið:** Vegna manneklu gátum við ekki setið fundi Samstarfshóps bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum í FSu og FG en Ása fer á fund í Versló í maí. Á haustönn hóf Bára MA-nám í Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Hún var í rúmlega hálfu starfi í vetur en í launuðu námsleyfi á móti. Kolbrún bókasafnsfræðinemi var í tímavinnu í 9 klst. á viku á haustönn og 5 klst. á vorönn. Ekki fékkst að ráða í fleiri afleysingatíma og á vorönn gat Kolbrún ekki unnið meira vegna anna í HÍ. Ása fór á Landsfund bókasafna 27.-28. september í Kópavogi, á fræðslufund skrásetjara í Gegni 30. nóvember og á námskeið um rafbækur og lesbretti 24. apríl. Bára fór á námskeiðið Hvað má betur fara á vef skólans? sem var haldið fyrir vefstjóra framhaldsskóla og háskóla dagana 10.-11. október á vegum Innanríkisráðuneytis. Hún kynnti niðurstöður úr könnun um vefi framhaldsskóla á fundi gæðaráðs.

**Önnur störf:** Bára sá um vef skólans, sat í gæðaráði og í stýrihópi um heilsueflandi skóla. Í mars komu sérfræðingar frá Háskólanum á Akureyri til að gera úttekt á skólanum að beiðni Menntamálaráðuneytis. Bára var kölluð í viðtal um bókasafnið og vef skólans. Hún afhenti nýjustu starfsskýrslu bókasafns, talningu frá haustinu 2011, starfslýsingar og starfsrannsókn frá árinu 2011 um *Bóka- og gagnaval á bókasafni Borgarholtsskóla*.

Þetta er síðasta skýrslan sem undirrituð skrifar vegna þess að ég lýk störfum 30. apríl og flyt til Egilsstaða til að taka við Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Ég er búin að vinna við skólann frá upphafi og þetta hefur verið skemmtilegur og lærdómsríkur tími.

30. apríl 2013  
Bára Stefánsdóttir